

Suðurnesjamenn geta framleitt alla sína raforku og varmaorku sjálfir, segir Oddbergur Eiríksson, fyrsti maður á lista Alþýðubandalagsins í Njarðvík.

Oddbergur Eiríksson (G-lista):

Stofnum samvinnu-útgerð Suðurnesja

— eigum að ráða orkumálum okkar sjálfir

Í sjávarútvegsmálum hefur Suðurnesjamenn borið að vegamótum. Frá ómunatið og fram til seinustu ára hefur sóknin og afkoma manna hér um slóðir byggzt á miklum vetrarvertíðarafla, sem sóttur var í göngu hrygningarfisks, sem gekk á miðin í kringum Reykjanes á út-mánuðum. Til þess að veiða þennan fisk hentuðu vel fiskibátar af stærðinni 50 til 250 rúmlestir.

Vart verður komið auga á hagkvæm-ara form við fiskvinnsluna við þær að-stæður sem hér er lýst heldur en hinar mörgu og tiltölulega smáu vinnslu-stöðvar, sem settu svip sinn á sjávar-plássin hér um slóðir. Þegar þær voru allar settar í gang og heimamenn sem vettlingi gátu valdið unnu við aflann auk fjölda aðkomumanna var næstum með ólíkindum hversu miklu var af-kastað á skömmum tíma.

Nú eru tímarnir breyttir og kemur fleira til. Fyrir það fyrsta hefur tekið fyrir hinar miklu fiskigöngur á heima-mið á vetrarvertíð. Og í öðru lagi sækist fólk nú fremur eftir fastri vinnu allt árið en skorpuvinnu í fjóra mánuði.

Það sem gera þarf í þessum málum þegar að afstöðnum kosningum til sveitarstjórna og Alþingis er að sveitar-stjórnir fyrir sunnan Straum beiti sér fyrir endurskipulagningu og nauðsyn-legri uppbyggingu fiskveiðanna og vinnslunnar. Hugsanlegt væri í þessu sambandi að fjórir togarar kæmu til við-bótar þeim sem fyrir eru. Það skal tekið fram að þessum skipum yrði ekki stefnt til aukinnar sóknar í þorskstofninn heldur að afla þess hluta sem Suðurnesjamönnum ber af því sem leyft er að veiða ár hvert auk annarra fiskitegunda.

Til þess að hrinda í framkvæmd þessu verkefni verði myndað samvinnufélag umræddra sveitarfélaga auk þess sem til verði kvaddir þeir útvegsmenn og fisk-verkendur, sem hafa vilja, þor og fram-sýni til að ganga til slíks samstarfs. Af hálfu Alþingis og væntanlegrar ríkis-stjórnar verður að krefjast gjörbreyttrar afstöðu til þessa landsvæðis samfara nauðsynlegum stuðningi við fram-kvæmdir þessar.

Við fögnum þeim árangri sem náðst hefur með samstarfi sveitarfélaganna á Suðurnesjum og minnum á þátttöku Al-þýðubandalagsins við að koma samtök-um á fót.

Hin sameiginlegu verkefni eru mörg og stór; við minnum sérstaklega á skipu-lega uppbyggingu atvinnulífs á Suðurnesjum og Orkubú Reykjanes. Orkubú-íð teljum við að eigi að hafa á sínum höndum alla vinnslu og dreifingu raforku og varmaorku á svæðinu, svo og þau við-skripti sem hafa þarf við Rafmagnsveitur ríkisins og Landsvirkjun. Við teljum að ekki eigi að vera neitt feimnismál, að hægt er að framleiða alla þá orku sem Suðurnesin þurfa á heimaslóðum og ekki á að skammta orkuna á minivöttum.


Félagsleg málefni eins og til dæmis mál unglunga, barna, aldraðra og fleiri hópa eru öll á mjög miklu frumstigi hér í Njarðvík, um þau mætti ræða mikið en er ekki kostur í stuttu spjalli. ÖG

Spurning dagsins


Hverju spáir þú um úrslit kosninganna?



Jóhann Lindal rafveitustjóri: Ja, hvað á nú að segja, líklega óbreytt og Sjálfstæðisflokkurinn heldur meirihlutunum.



Óliver Bárðarson múrarmeistari: Sjálfstæðisflokkurinn heldur meirihlutunum og fær fjóra fulltrúa. Annað væri ósanngjarnt eftir það sem gert hefur verið hér síðasta kjörtímabili.



Óskar Kristjánsson trésmiður: Ég hugsa nú að sjálfstæðismenn haldi meirihlutunum en það verður mjótt á mununum. Hinir fá síðan einn fulltrúa hver.



Valgarður Oskarsson rafvirkjanemi: Ég held úrslitin verði alveg óbreytt og sjálfstæðismenn haldi meirihlutunum. Hér hefur verið gert svo mikið á síðasta kjörtímabili.



Kjartan Rafnsson tæknifræðingur: Ég er ekki í nokkrum vafa um að Sjálfstæðisflokkurinn heldur meirihlutunum, jafn-vel bætir við sig fimmta fulltrúanum. Hvaða flokkur missir þá sinn fulltrúa vil ég ekkert segja um.



Hildur Hilmarsdóttir, nemi í Fjölbrotaskólanum: Ég á síður von á því að nein breyting verði í bæjarstjórninni en verið getur að Sjálfstæðisflokkurinn bæti við sig fulltrúa eða þá Alþýðuflokkurinn.



Mesti lúðrahljómur landsins á laugardag:


450 UNGMENNÍ Á LÚÐRASVEITARMÓT

Ahugi unglunga og barna á tónlist hefur farið mjög vaxandi hin síðari árin, enda komin á bein tónmenntafræðsla í skólunum og tónlistarskólar, sem risið hafa víða um landið. Þá hafa lúðrasveitir barna og unglunga skotið upp kollinum víða um land og þótt vinsæll þátt-

ur í bæjarlífi viðkomandi staða.

Tónlistarskólinn í Görðum, Garðabæ, hefur nú boðið lúðrasveitum þessum til hátiðar um næstu helgi. Og þar verður sannarlega þeyttur lúðurinn, því hvorki meira né minna en 450 ungir hljómlistarmenn koma þar fram. Þar mun

stærsta lúðrasveit allra tíma hér á landi leika fyrir áhorfendur. Tónleikarnir verða á laugardaginn kemur kl. 15.15. Myndin er af æfingu hjá hljómsveitinni í Görðum, sem býður til tónleikanna. Björn R. Einarsson, sá landsþekkti tónlistarmaður, æfir hljómsveitina.



Sigurður Örylgsson tilbúinn í slaginn. Hér er hann við eina af klippimyndum sínum sem honum þykir svo gaman að fast við. DB-mynd Bjarnleifur.

Sigurður Örylgsson með sýningu:

Að brjótast út úr geometríunni

Sigurður Örylgsson listamaður sýnir þessa dagana verk sín á Kjarvalsstöðum. Er hann þar með 7 mjög stór málverk og 36 klippimyndir eða myndir með formi sem kallast blandað. Er þá bæði málaðir og teiknaðir fletir og aðklipptir hlutir. Sýning Sigurðar er opin kl. 4—10 virka daga en kl. 2—10 um helgar.

Öll verkin á sýningu Sigurðar eru til sölu. Hann er einn af þeim sem reyna að lifa á listinni hér á landi og eins og hann orðaði það þá lifir hann ennþá þó erfitt sé. Enda má sjá það í húsum fólks að nútímalist er þar lítt á veggjum þó sýningar ungra listamanna séu jafnan talsvert sóttar.

Verðið á myndum Sigurðar er misjafnt eftir stærð og öðru. Þær ódýrustu kosta 40 þúsund en þær dýrustu 600 þúsund. Liggur misjafnlega mikil vinna á bak við myndirnar því „stundum get ég unnið þetta alveg beint af augum en stundum þarf ég að margbreyta myndunum,” sagði Sigurður. Að sumum

myndunum hefur Sigurður unnið frá 1976 og verið stöðugt að breyta og bæta. En flestar eru þó unnar á síðasta ári.

Að sögn Sigurðar fylgjast íslenskir listamenn mjög vel með nýjum stefnum í listum og á sýningu Myndlista- og handiðaskólans sagðist Sigurður hafa séð flestar þær nýjungar sem hefðu

komid fram úti í hinum stóra heimi. En sjálfur væri hann alveg „hættur að þæla í þessu” og ynni bara eftir eigin leiðum. Við hið blandaða form væri sérlega skemmtilegt að vinna og nú væri hann að reyna að brjóta sig út úr hinum hörðu geometrisku línunum og bæta inn hlutum.

DS

Húseign til sölu.

Til sölu er verkstæðis- og skrifstofubygging Norðurflugs á Akureyrarflugvelli. Húsið er ein hæð, 360 fermetrar.

Tryggvi Helgason flugmaður, Álfabyggð 4 Akureyri. Sími 96-21124.